

FUNDARGERÐ

FUNDUR:	Aðalfundur FÍN	DAG.: 27. mars. 2015
FUNDARSTAÐUR:	Ásbrú 3.hæð, Borgartúni 6	KL.: 11:30 – 13:15
FUNDARSTJÓRI:	Þórólfur Antonsson	FUNDARRITARI.: Vala Friðriksdóttir
MÆTTIR:	Fundargestir voru 46	

Ína Björg Hjálmarsdóttir varaformaður FÍN og starfandi formaður setti fundinn og stakk upp á Þórólfi Antonssyni sem fundarstjóra, samþykkt.

Þórólfur Antonsson tók við fundarstjórn og gengið var til dagskrár. Stungið var upp á Völu Friðriksdóttur sem fundarritara, samþykkt.

DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar FÍN starfsárið 2014-2015 - Ína Björg Hjálmarsdóttir, formaður FÍN.

Ína kom víða við í skýrslu stjórnar:

- Kynnti stjórn (20 manna) og verkaskiptingu hennar, framkvæmdastjórn og stjórn vísindasjóðs FÍN.
- Rakti starfsemi félagsins, stjórnarfundi, framkvæmdastjórnarfundi, starfsfólk á skrifstofu (fastráðið og tímabundið) og greindi frá vinnustaðafundum formanns.
- Sagði frá starfsdögum trúnaðarmanna
- Rakti vinnu við stofnanasamninga á árinu.
- Greindi frá máli fyrir Félagsdómi vegna verkfalls á Landspítala.
- Rakti vinnu vegna bókkunar 2 í síðasta kjarasamningi og samvinnuverkefni í tengslum við hana.
- Kynnti orlofsvalkosti félagsins.
- Ræddi atvinnuleysi FÍN-ara og annarra háskólamenntaðra starfsmanna.
- Kynnti úrræði félagsins fyrir atvinnulausa félagsmenn.
- Kynnti málefni lífeyrisþega og endurgreiðslu ævigjalds fyrir félagsmenn í OBHM.
- Rakti starfið innan BHM. Páll Halldórsson hefur verið formaður BHM eftir að formaður BHM sagði af sér í desember 2014. Ína Björg Hjálmarsdóttir varaformaður FÍN er starfandi formaður í fjarveru Páls.
- Sagði frá nýjum félagsmönnum á árinu.

Afgreiðsla: Kynning

2. Reikningar FÍN og kjaradeilusjóðs. – Ólafur Eggertsson, gjaldkeri FÍN.

Lagðir voru fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og kjaradeilusjóðs árið 2014. Ársreikningur FÍN lagður fram og samþykktur með öllum greidum atkvæðum. Ársreikningur kjaradeilusjóðs lagður fram og ræddur. Samþykktur með öllum greidum atkvæðum.

Afgreiðsla: Kynning – ársreikningur FÍN 2014 og kjaradeilusjóðs FÍN samþykktir.

- 3. Tillögur um lagabreytingar** – Ína Björg Hjálmarsdóttir, formaður.
Lagðar eru til breytingar á öllum lagagreinum þannig að hver lagagrein hefjist á lýsandi fyrirsögn.
Auk þess eru lagðar til aðrar breytingar á greinum 1, 3, 4, 5, 6, 7, 13, 14.
Ína kynnti ástæður fyrir breytingatillögum.
Greinar 1-5 og 8-18 voru bornar undir fundarmenn til samþykktar í einu lagi. Þær voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.
Breyting á 6 gr. samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
Breyting á 7 gr. samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Afgreiðsla: Kynning og lagabreytingar samþykktar.

- 4. Ákvörðun um félagsgjöld** – Ína Björg Hjálmarsdóttir, formaður.
Stjórn félagsins leggur til að félagsgjöld verði óbreytt. Félagsgjald á opinberum markaði er nú 1% af dagvinnulaunum. Félagsgjald á almennum markaði er nú 0.7% af heildarlaunum, að hámarki 7.000 kr. Samþykkt með öllu greiddum atkvæðum.

Afgreiðsla: Kynning og samþykkt að félagsgjöld verði óbreytt.

- 5. Stjórnarkjör** – Þórólfur Antonsson, fundarstjóri.
Kynnti tillögur stjórnar að stjórn og nefndum starfsárið 2015-2016

STJÓRN FÍN

Tilnefning til 2ja ára:

Varaformaður FÍN – Ína Björg Hjálmarsdóttir, (starfandi formaður).
Fulltrúi trúnaðarmanna – Kosinn af trúnaðarmönnum FÍN á fyrsta fundi trúnaðarmanna eftir aðalfund. Núverandi fulltrúi: Björg Helgadóttir

Meðstjórn

Guðmundur Jóhannesson
Þóroddur Fr. Þóroddsson
Rakel Júlía Sigursteinsdóttir
Ólafur Eggertsson
Stefanía Bjarnarson
Sigurlaug Skírnisdóttir
Sævar Ingþórsson
Stella Hrönn Jóhannsdóttir

Eitt framboð til stjórnar barst á fundinum. Ingi Rúnar Jónsson býður sig fram.

Sitja frá fyrra ári:

Formaður FÍN – Páll Halldórsson
Formaður ráðgjafarnefndar – Trausti Baldursson

Meðstjórn

Svava S. Steinarsdóttir
Sigurður Garðar Kristinsson
Lilja Grétarsdóttir
Louise le Roux
Agnes Eydal
Kristín Hermannsdóttir
Haraldur Rafn Ingvason
Guðmundur Víðir Helgason

Afgreiðsla:

Varaformaður var kosinn með handauppréttingu – Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Skrifleg kosning var um meðstjórnendur. Voru 9 í framboði, kjósa þurfti 8. Atkvæði voru talin af Árna Hjartarsyni og Ólafi Dýrmundssyni.

Eftirfarandi hlutu kosningu í meðstjórn (til 2 ára):

Guðmundur Jóhannesson
Þóroddur Fr. Þóroddsson
Rakel Júlía Sigursteinsdóttir
Ólafur Eggertsson
Stefanía Bjarnarson
Sigurlaug Skírnisdóttir
Sævar Ingþórsson
Stella Hrönn Jóhannsdóttir

6. Kosning skoðunarmana reikningar – Þórólfur Antonsson, fundarstjóri.

SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Tilnefningar til 2ja ára.

Vala Friðriksdóttir - aðalmaður
Þorsteinn Narfason – varamaður

Sitja frá fyrra ári.

Einar Torfason - aðalmaður
Björn Harðarson – varamaður

Afgreiðsla: Kynning – tilnefningar samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

7. Kosning í stjórn kjaradeilusjóðs – Þórólfur Antonsson, fundarstjóri.

STJÓRN KJARADEILUSJÓÐS

Tilnefningar til 2ja ára.

Kristjana Bjarnadóttir
Þuríður Pétursdóttir

Sitja frá fyrra ári.

Aðalmenn:

Guðmundur Guðjónsson - formaður

Í stjórn kjaradeilusjóðs sitja auk þess (skipað í embætti á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund):

Aðalmenn: Formaður FÍN
 Gjaldkeri FÍN
Varamenn: Varaformaður FÍN
 Ritari FÍN

Afgreiðsla: Kynning – tilnefningar samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

8. Kosning siðanefndar – Þórólfur Antonsson, fundarstjóri.

Tilnefningar til 2 ára.

Marta Guðjónsdóttir - aðalmaður
Jóna Freysdóttir – aðalmaður Steinunn Jakobsdóttir – aðalmaður
Viðar Helgason – varamaður

Sitja frá fyrra ári.

Ágústa Sveinjörnsdóttir – aðalmaður
Steinunn Jakobsdóttir – aðalmaður
Ægir Þór Þórsson - aðalmaður

Afgreiðsla: Kynning – tilnefningar samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

9. Önnur mál

- a) Ína Björg Hjálmarsdóttir. Ræddi um reglur kjaradeilusjóðs FÍN. Ákvæði í reglum sjóðsins eru ekki í samræmi við breytt umhverfi. Verkföll á stofnunum eru líklegri í dag en allsherjarverkföll. Núverandi reglur taka ekki á því. Lögð var fram tillaga um að taka eftirfarandi tvo liði út úr reglunum.
- *Ekki skal þó greiða styrk úr sjóðnum vegna fyrstu viku vinnustöðvunar.*
 - *Að jafnaði skulu úthlutunarreglur ræddar á félagsfundi og leitað samþykkis hans.*

Afgreiðsla: Umræður og breytingatillögur samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

- b) Ína Björg Hjálmarsdóttir. Kynnti stöðuna í kjaraviðræðum. Kynnti meginkröfur FÍN og stöðu samingaviðræðna. Kröfur BHM eru nokkuð samhljóða kröfum FÍN. FÍN kærði nýjan undanþágulista vegna verkfalls.

Afgreiðsla: Kynning og umræður.

- c) Ína Björg Hjálmarsdóttir. Kvaddi fráfarandi stjórnarmenn. Vala Friðriksdóttir, Þorsteinn Narfason, Erla Hrönn Geirsdóttir ganga úr stjórn. Kvaddi fráfarandi skoðunarmenn reikninga. Friðþjófur Árnason og Járngerður Grétarsdóttur láta af störfum.

Fundi slitið kl. 13:15.